

L Ö G**um breyting á lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð
og menntamálaráð.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

Úr 2. gr. falli niður svo hljóðandi málslíður:

„Þegar sett hafa verið lög um vísindasjóð og Listasafn ríkisins, skal leita um-sagnar stjórna þessara stofnana um fjárframlög til þeirra, áður en fjárhagsáætlun menningarsjóðs er samin“.

2. gr.

b-liður 3. gr. orðist svo:

b. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

3. gr.

a- og c-liðir 4. gr. falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.***L Ö G****um breyting á lögum nr. 15/1969, um Listasafn Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:**1. gr.**

1. gr. laganna orðist þannig:

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. skal árlega í fjárlögum ætluð ákveðin fjárveiting til listaverkakaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1971.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.